

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Stykkishólmsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Stykkishólmsbæ og hreinsun rotþróa í Stykkishólmsbæ skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 181/2018 um fráveitur í Stykkishólmsbæ.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	54.460 kr. á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	18.150 kr. á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	42 kr. á hvern fermetra í húsnæðinu að 4.000 fermetrum
	21 kr. á hvern fermetra umfram 4.000 fermetrum

Ef um tvöfalt frárennsliskerfi er að ræða skulu ofangreindar fjárhæðir margfaldaðar með tveimur.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni íbúðarhúsnæðis og 0,24% af álagningarstofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

Stærð í lítrum	kr.
0-2.000	7.540
2.001-4.000	9.460
4.001-6.000	10.770
6.001-8.000	13.310
8.001-10.000	17.600
Rotþró stærri 10.000	5.030 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.000

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 7. desember 2017 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbryggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 6. mars 2018.*

**Sturla Böðvarsson** bæjarstjóri.